

Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Fundur haldinn 4. júní 2008

Mætt voru: Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson, Helga Aðalgeirsdóttir og Pálína Jónsdóttir. Að auki var formaður foreldrafélags Glerárskóla, Anna Birna Sæmundsdóttir, gestur á fundinum.

Hausthátíð Glerárskóla og hverfishátíð í Holta- og Hlíðahverfi

Rætt var um að halda hausthátíð fyrir íbúa í Holta og Hlíðahverfi. Foreldrafélag Glerárskóla og hverfisnefndin myndu standa saman að hátíðinni. Stungið var upp á að hátíðin yrði haldin 23. ágúst 2008, helgina eftir skólasetningu í Glerárskóla. Hátíðin yrði haldin í og við Glerárskóla.

Foreldrafélag Glerárskóla ætlar að sjá um að undirbúa ýmislegt fyrir börnin en hverfisnefndin ætlar að sjá um eitthvað fyrir fullorðna. Rætt var um að ýmislegt skemmtilegt yrði undirbúið, t.d. hjólatúr, andlitsmálun, tombóla, pokahlaup, reiptog, skákkeppni, hlaupa í skarðið, spila á spil, kassaklifur og hoppukastali. Hugmynd kom um að íbúar í hverfinu kæmu með gömul myndaalbúm, með myndum úr hverfinu og íbúum þess. Einnig um að fá einhvern frá Minjasafninu á Akureyri til að fara í gönguferð um hverfið.

Rætt var um að fá lánað svið hjá Akureyrarbæ fyrir uppákomur og senda dreifibréf til íbúanna tímanlega fyrir hátíðina þar sem óskað væri eftir skemmtikröftum, t.d. tónlistar-, leik- eða dansatriðum.

Á hátíðinni yrði gert ráð fyrir að fólk kæmi með garðstólana sína til að sitja á utandyra. Umræða um var um veitingar á hátíðinni. Hverfisnefndin var í fyrri búin að fá vilyrði um drykki frá Vífilfelli og pylsur frá Goða til að grilla. Nú þarf að láta reyna á hvort þau boð standa enn. Einnig væri fínt að bjóða upp á kakó og kleinur og reyna að skapa kaffihúsastemningu. Hugmynd kom um að 10. bekkingar yrðu fengnir til að vera með í þeim undirbúningi og að þeir myndu vinna við kaffihúsið á hátíðinni, sem jafnframt yrði fjáröflun fyrir þá.

Hafa þarf samband við fyrirtæki í hverfinu og athuga hvort þau geta styrkt hátíðina. Einnig þarf að ræða við Akureyrarbæ um hvort hann muni koma að hátíðinni á einhvern hátt. Best væri að hverfishátíðin væri ókeypis fyrir hverfisbúa.

Hátíðina þarf að auglýsa í Dagskránni og í gegnum tölvupóst Glerárskóla. Ef styrktaraðilar fást þá þurfa merki þeirra að koma fram á auglýsingu í Dagskránni.

Glerárskóli á 100 ára afmæli í haust og þá eru fyrirhuguð hátíðarhöld í skólanum. Í tengslum við afmælið stendur til að draga grænánann að húni.

Ákveðið var að stjórn foreldrafélags Glerárskóla og hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis myndu hittast í byrjun ágúst, þar sem hátíðin yrði undirbúin. Formaður foreldrafélags Glerárskóla mun virkja foreldraráðin í bekkjunum og skipta verkum.

Stjórnsýslufundurinn sem haldinn var 27. maí 2008 með fulltrúum Akureyrarbæjar og hverfisnefndum

Umræður voru um að á fundinum hefðu komið fram sjónarmið um að setja þyrfti reglur, varðandi hvað eigi að gera þegar íbúar í tilteknu hverfi mótmæla aðgerðum eða framkvæmdum í sínu hverfi. Hugmynd var um að 30% íbúa þyrftu að mótmæla tiltekinni framkvæmd til að hún yrði blásin af.

Hverfisnefndum á Akureyri finnst þær almennt hafa lítil sem engin völd. Það kom fram að þótt fundargerðum sé skilað inn til bæjarins, sé ekki fjallað um þær sem formleg erindi. Hverfisnefndir þurfa að senda formleg erindi til bæjarins ef einhver málefni brenna á þeim.

Besta leiðin til að koma málefnum á framfæri er að mæta í viðtalstíma hjá bæjarfulltrúa. Það er bókað og fer fyrir bæjarráð.

Í kjölfar þessarar umræðu var rætt um að Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis myndi senda inn formlegt erindi varðandi tengingar göngustígs frá Bónus að fyrirhuguðum undirgöngum undir Hörgárbraut, til að draga úr slyshættu.

Ritað 4. júní 2008

Helga Aðalgeirsdóttir